

# **Spölur ehf**

## **Ársreikningur 2016**

Spölur ehf.  
Kennitala 511295-2119  
Kirkjubraut 28, Akranes

## Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4 - 6
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Eiginfjáryfirlit .....	9
Sjóðstreymisyfirlit .....	10
Skýringar .....	11 - 24
Ársfjórðungsyfirlit - óendurskoðað .....	25
Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðað .....	26

Spölur ehf.  
Kennitala 511295-2119  
Kirkjubraut 28, Akranes

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Spölur ehf. sá um undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við veltengingu um utanverðan Hvalfjörð og sér um rekstur hennar uns allar skuldir félagsins hafa verið greiddar, samkvæmt lögum nr. 45 frá 1990 um veltengingu við utanverðan Hvalfjörð og samkvæmt samningi við samgöngumálaráðuneytið f.h. ríkissjóðs.

### Starfsemin á árinu

Spölur ehf. hefur rekið Hvalfjarðargöng síðan 1998.

Alls fóru 2.355.715 ökutæki um göngin á tímabilinu sem greiddu veggjald. Þessi fjöldi samsvarar því að 6.436 ökutæki hafa farið um göngin að meðaltali, dag hvern, á þessu tímabili. Aukning í umferð milli áranna 2015 og 2016 var 15,03%. Meðaltekjur fyrir hverja ferð um göngin á tímabilinu var um 595 kr.

Starfsmenn voru alls 17 á árinu sem samsvarar 15 stöðugildum.

Tekjur félagsins á tímabilinu námu 1.405 mkr. Hagnaður nam 635 mkr. Rekstrarkostnaður var 422 mkr.

### Framhaldið

Samkvæmt samningi Spalar ehf. og ríkisins frá 1995 verður félagið afhent ríkinu til eignar þegar allur kostnaður hefur verið greiddur sem er áætlað að verði fyrir árslok 2018.

### Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin leggur til að greiddur verði arður að fjárhæð 44 mkr. eða 0,51 á hlut en vísar að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar.

### Eignaraðild

Hlutfé félagsins kr. 86 mkr. er allt í eigu Eignarhaldsfélagsins Spalar hf.

### Fjárhagsleg áhættustjórnun

Félagið hefur sett sér markmið og stefnu gagnvart áhættustýringu. Nánar er vísað til skýringar nr. 3.

### Stjórnunarhættir

Stjórn Spalar ehf. leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út, síðast í maí 2015. Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og hittir endurskoðendur reglulega. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd. Allir fimm stjórnarmenn félagsins eru óháðir félaginu.

Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í kaflanum Stjórnarháttayfirlýsing sem er fylgiskjal með ársreikningnum.

Á árinu voru haldnir 4 stjórnarfundir. Meirihluti stjórnar mætti á alla fundi.

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

### Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og gefa þeir að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins vegna ársins 2016.

Samkvæmt mati stjórnar felst í ársreikningi og skýrslu stjórnar glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess á árinu 2016 ásamt því að gerð er grein fyrir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Stjórn og framkvæmdastjóri Spalar ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með áritun sinni.

Akranesi, 28. febrúar 2017

### Stjórn Spalar ehf.

Gísli Gíslason, formaður

Gestur Pétursson

Gunnar Gunnarsson

Hafsteinn S. Hafsteinsson

Stefán Gunnar Ármannsson

### Framkvæmdastjóri Spalar ehf.

Gylfi Þórðarson

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa Spalar ehf.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Spalar ehf. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2016. Sem hluti af endurskoðun okkar á ársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á ársreikninginn í heild.

### Lykilatriði endurskoðunarinnar

#### Mat á nýtingartíma vegganga

Sjá nánar skýringu nr. 8 "Fastafjármunir"

Áhersla í endurskoðun okkar var á mat nýtingartíma vegganga vegna þess að liðurinn er verulegur í reikningssskilum félagsins. Nýtingartíminn er háður faglegu mati stjórnenda og byggja stjórnendur mat sitt á vinnu sérfræðinga. Stofnkostnaður vegganga nemur kr. 4.014 millj. kr. í lok árs 2016 sem er 87% af heildareignum félagsins.

Í skýringum nr. 2.3 og 2.4 má sjá umfjöllun um matsaðferðir.

Mat á nýtingartíma Hvalfjarðarganga byggir á kröfum í alþjóðlegum reikningssskilastaðli IAS 16. Samkvæmt staðlinum ber stjórnendum að endurmeta að minnsta kosti árlega áætlaðan nýtingartíma eigna. Óháðir sérfræðingar hafa verið fengnir til þess að meta nýtingartíma gangnanna og hafa stjórnendur byggt mat sitt á niðurstöðum þeirra.

Nýtingartími mismunandi verkhluta Hvalfjarðarganga er skoðaður og metinn. Hlutfall hvers verkhluta af heildarkostnaði gangnanna er áætlað út frá kostnaðaráætlun fyrir ný göng, samsíða núverandi göngum. Nýtingartíminn er síðan reiknaður sem veginn meðaltal allra verkhluta.

Veginn nýtingartími Hvalfjarðarganganna er reiknaður um 65 ár frá því göngin voru tekin í notkun árið 1998 og eru göngin því afskrifuð miðað við þann nýtingartíma.

### Endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðun á nýtingartíma mannvirkja fólst m.a. í eftirfarandi þáttum:

- Við höfum farið yfir ársreikning Spalar ehf. með tilliti til krafna alþjóðlegra reikningssskilastaðla hvað varðar mat á nýtingartíma mannvirkja. Aðferðafræði við mat hefur verið yfirfarin og hvort samkvæmni sé í matinu milli tímabila.
- Við höfum yfirfarið mat stjórnenda og metið áreiðanleika undirliggjandi skýrslu sérfræðinga. Hæfni sérfræðinga hefur einnig verið yfirfarin og metin.
- Við höfum jafnframt farið yfir útreikninga á fyrningum og athugað hvort útreikningarnir eru til samræmis við áætlaðan nýtingartíma ganganna.

## Áritun óháðs endurskoðanda frh.:

### *Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum*

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfseminni, eða hafa ekki aðra raunhæfa möguleika. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi félagsins til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### *Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins*

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun okkar byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og að við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

## Áritun óháðs endurskoðanda frh.:

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að birting slíkra upplýsinga skaði almannahugsmoni.

Reykjavík, 28. febrúar 2017

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Arna G. Tryggvadóttir  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2016

	Skýr.	1/1 16 - 31/12 16	1/1 15 - 31/12 15
Veggjald .....		1.405.152	1.196.594
Viðhald og rekstur ganga .....		(258.929)	(233.583)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(161.856)	(150.426)
Tapaðar kröfur .....	9	(1.251)	(2.498)
Afskriftir .....	8	<u>(122.739)</u>	<u>(123.785)</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		860.377	686.301
Vaxtatekjur .....	6	25.427	19.182
Vaxtagjöld og verðbætur .....	6	<u>(92.652)</u>	<u>(129.192)</u>
		(67.225)	(110.010)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		793.153	576.292
Tekjuskattur .....	7	(158.645)	(115.258)
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>634.507</u>	<u>461.033</u>
<b>Skipting hagnaðar:</b>			
Hluthafar .....		634.507	461.033
<b>Hagnaður á hlut:</b>			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut .....	15	7,38	5,36
<b>Heildarhagnaður ársins</b>		<u>634.507</u>	<u>461.033</u>
<b>Skipting heildarhagnaðar:</b>			
Hluthafar .....		634.507	461.033

Skýringar á blaðsíðum 11 - 24 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	31/12 2016	31/12 2015
<b>Fastafjármunir</b>	8		
Stofnkostnaður vegganga .....		4.013.530	4.093.031
Bifreiðar, veglyklar, áhöld og tæki .....		141.432	132.630
		<u>4.154.962</u>	<u>4.225.661</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	9	109.889	170.797
Handbært fé .....		338.384	280.198
		<u>448.273</u>	<u>450.994</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>4.603.235</u>	<u>4.676.655</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	10	86.000	86.000
Lögbundinn varasjóður .....	10	21.500	21.500
Óráðstafað eigið fé .....		<u>2.442.435</u>	<u>1.922.928</u>
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>2.549.935</u>	<u>2.030.428</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldabréfalán .....	12	390.744	995.385
Tekjuskattskuldbinding .....	13	597.201	607.156
Skuldbinding vegna veglykla .....	14	117.079	108.417
		<u>1.105.024</u>	<u>1.710.958</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	11	59.055	58.858
Tekjuskattur vegna 2016 til greiðslu 2017 .....	13	168.586	52.715
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	12	393.635	500.628
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		<u>327.000</u>	<u>323.068</u>
		948.275	935.269
<b>Skuldir samtals</b>		2.053.299	2.646.227
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>4.603.235</u>	<u>4.676.655</u>

Skýringar á blaðsíðum 11 - 24 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

## Eiginfjáryfirlit 31. desember 2016

	Skýr.	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>Staða 1. janúar 2015</b>		86.000	21.500	1.506.895	1.614.395
Heildarhagnaður ársins .....				461.033	461.033
Arður til hluthafa .....				(45.000)	(45.000)
		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>416.033</u>	<u>416.033</u>
<b>Staða 31. desember 2015/ Staða 1. janúar 2016</b>		86.000	21.500	1.922.928	2.030.428
Heildarhagnaður ársins .....				634.507	634.507
Arður til hluthafa .....	17			(115.000)	(115.000)
		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>519.507</u>	<u>519.507</u>
<b>Staða 31. desember 2016</b>		<u><u>86.000</u></u>	<u><u>21.500</u></u>	<u><u>2.442.435</u></u>	<u><u>2.549.935</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 11 - 24 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2016

	Skýr.	1/1 16 - 31/12 16	1/1 15 - 31/12 15
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Handbært fé frá rekstri .....	18	1.111.587	854.925
Útborgaðir vextir .....		(77.889)	(99.569)
Innborgaðir vextir .....		25.427	19.182
Greiddir skattar .....		(52.730)	0
Handbært fé frá rekstri með vöxtum og skatti		<u>1.006.395</u>	<u>774.539</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Kaup varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(52.040)	(87.596)
Lán til móðurfélags .....	19	(44.155)	(29.614)
		<u>(96.195)</u>	<u>(117.209)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímalána .....		(737.013)	(600.484)
Greiddur arður til hluthafa .....		(115.000)	(45.000)
		<u>(852.013)</u>	<u>(645.484)</u>
<b>Hækkun á handbæru fé</b>			
		58.186	11.846
Handbært fé í byrjun árs .....		280.198	268.352
<b>Handbært fé</b>	18	<u><u>338.384</u></u>	<u><u>280.198</u></u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
	18		
Hagnaður ársins .....		634.507	461.033
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi .....		348.609	349.053
Breyting rekstartengdra eigna og skulda .....		128.471	44.838
		<u>1.111.587</u>	<u>854.925</u>

Skýringar á blaðsíðum 11 - 24 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Spölur ehf. sá um undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við veltengingu um utanverðan Hvalfjörð og sér um rekstur hennar uns allar skuldir félagsins hafa verið greiddar, samkvæmt lögum nr. 45 frá 1990 um veltengingu við utanverðan Hvalfjörð og samkvæmt samningi við samgöngumálaráðuneytið f.h. ríkissjóðs.

Félagið er með skráð skuldabréf á Nasdaq OMX (Kauphöll Íslands). Höfuðstöðvar félagsins eru á Kirkjubraut 28, Akranesi.

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna.

Stjórn félagsins staðfesti þennan ársreikning 28. febrúar 2017.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Spalar ehf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs.

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem eru í gildi í árslok 2016, sem Evrópusambandið hefur staðfest og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2016, en heimilt er að taka upp fyrir. Áhrif þess á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin.

Við gerð reikningsskilanna í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu. Sjá skýringu nr. 4.

### 2.2 Upplýsingar um starfspætti

Rekstrarstarfspáttur er aðgreinanlegur hluti félagsins sem fæst við að útvega tiltekna vöru eða þjónustu sem er háð ólíkum þáttum varðandi áhættu og afkomu en þá sem tengjast öðrum rekstrarstarfspáttum félagsins. Landfræðilegur starfspáttur er háður því að útvega vöru eða þjónustu innan ákveðins efnahagslegs umhverfis sem er háð ólíkum þáttum varðandi áhættu og afkomu en þá sem tilheyra öðru efnahagslegu umhverfi. Þann 31. desember 2016 er félagið skilgreint með einn rekstrarstarfspátt á Íslandi: (1) veggjald. Það er því ekki þörf á að birta starfspáttayfirlit.

## Skýringar

### 2.3 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Allur kostnaður við undirbúningsframkvæmdir, fjármögnun, byggingu vegganga undir Hvalfjörð og greiðsla til Vegagerðar samkvæmt samningi er eignfærður sem stofnkostnaður meðal varanlegra rekstrarfjármuna í efnahagsreikningi.

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Stofnkostnaður vegganga .....	65 ár
Bifreiðar, veglyklar, áhöld og tæki .....	5-10 ár

Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og hrakvirði eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söliverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

### 2.4 Virðisrýrnun fastafjármuna

Varanlegir rekstrarfjármunir og aðrir fastafjármunir eru skoðaðir með tilliti til virðisrýrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef gangvirði eigna er lægra en bókfært verð þeirra. Gangvirði er það sem er hærra af áætluðu söliverðmæti eða notkunarverðmæti. Við virðisrýrnunarpróf eru eignir flokkaðar eins mikið niður og mögulegt er svo hægt sé að mæla áætlað sjóðstreymi þeirra.

### 2.5 Viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Viðskiptakröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru viðskiptakröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Niðurfærslan vegna virðisrýrnun er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Fjárhagserfiðleikar skuldara og tafir á greiðslu meira en 60 daga eru taldar vísbendingar um virðisrýrnun á kröfu. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi á móti niðurfærslu viðskiptakrafna á meðal eigna. Virðisrýrnun er bakfærð í rekstrarreikningi ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt á atburði sem áttu sér stað eftir að virðisrýrnun var færð. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku félagsins, á milli viðskiptakröfu og niðurfærslu þess.

## Skýringar

### 2.6 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum hjá Íslandsbanka.

### 2.7 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

### 2.8 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuld er skuldbinding um að greiða fyrir vöru eða þjónustu vegna viðskipta eða atburða sem átt hafa sér stað.

Viðskiptaskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru viðskiptaskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

### 2.9 Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Eftir upphaflega skráningu eru langtímaskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Verðtryggðar skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2017, verðbætur á höfuðstól skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

Við endurfjármögnun lána eru áhrif vegna þessa færð beint til tekna eða gjalda meðal fjármunatekna eða fjármunagjalda á því tímabili sem endurfjármögnunin á sér stað.

Lántaka er flokkuð sem skammtímaskuldir nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

### 2.10 Tekjuskattur og tekjuskattskuldbinding

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færð til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts sem eftir gildandi skattalögum, kæmi til greiðslu ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

### 2.11 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar félaginu ber lagaleg eða ætluð skylda vegna liðinna atburða og líklegt er að kostnaður, sem hægt er að meta með áreiðanlegum hætti, lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Aðrar skuldbindingar samanstanda af skilagjaldi veglykla.

### 2.12 Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur er fyrirframgreiðsla viðskiptavina vegna ferða um Hvalfjarðargöngin. Fyrirframinnheimtar tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

## Skýringar

### 2.13 Innlausn tekna

Veggjald er fært til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum virðisaukaskatti og sölukostnaði vegna veglykla. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma þjónustu.

Tekjur eru færðar í rekstrarreikningi þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda, líklegt að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar á áreiðanlegan hátt.

### 2.14 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðuð við áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

### 2.15 Arður

Arður er færður í ársreikning þegar aðalfundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

## 3. Stýring fjárhagslegrar áhættu

### 3.1 Þættir fjárhagslegrar áhættu

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu, eins og: markaðsáhættu (þar á meðal vaxtaáhættu), lánsáhættu og lausafjárahættu. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættupáttum. Áhættustýring er innan félagsins til samræmis við reglur samþykkt af stjórn. Áhættustýring og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi félagsins.

#### (a) Markaðsáhætta

##### (i) Vaxtaáhætta

Félagið býr við vaxtaáhættu vegna langtímalána og eigna með vöxtum. Langtímalán félagsins eru með breytilega og fasta vexti. Lán með föstum vöxtum eru verðbætt. Lánastefna félagsins er að lán með föstum vöxtum séu í 70-100% hlutfalli af heildarlangtímalánum. Á árunum 2016 og 2015 voru lán með breytilegum vöxtum eingöngu í íslenskum krónum.

Félagið greinir umfang vaxta og verðbóta reglulega. Ýmis dæmi eru gerð og greind með tilliti til endurfjármögnunar eða endurnýjunar. Á grundvelli þessara dæma skoðar félagið áhrif breytinga á vexti og verðbóta á afkomu.

0,5% hærri/lægri vextir á eignir þann 31. desember 2016, með alla aðra þætti óbreytta, hefði hækkað/lækkað hagnað fyrir skatta að fjárhæð 2,2 mkr. (2015: 1,8 mkr.) vegna áhrifa hærri/lægri vaxtatekna af eignum.

1% hærri/lægri verðbætur langtímalána þann 31. desember 2016, með alla aðra þætti óbreytta, hefði lækkað/hækkað hagnað fyrir skatta að fjárhæð 11,5 mkr. (2015: 26,7 mkr.) vegna hærri/lægri verðbóta langtímalána.

## Skýringar

### (b) Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum í viðskiptakröfum og handbæru fé. Félagið hefur ákveðna stefnu gagnvart því að veita þjónustu til ábyrgra aðila en útlánaáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna. Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við félagið og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna.

Mesta mögulegt tap vegna lánsáhættu án tillit til veða:

Eftirfarandi tafla sýnir mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða þann 31. desember 2016 og 31. desember 2015. Fyrir efnahagsliði er mesta mögulega tapið byggt á bókfærðu verði eignanna á uppgjörstegi.

	Skýring	Bókfært verð	
		31/12 2016	31/12 2015
Viðskiptakröfur .....	9	54.248	48.211
Viðskiptakröfur á móðurfélag .....	9	49.574	117.947
Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur .....	9	6.067	4.639
Handbært fé .....		338.384	280.198
		<u>448.273</u>	<u>450.994</u>

Langtímalán eru tryggð með veði í viðskiptakröfum, hlutafé og handbæru fé.

### (c) Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Taflan hér að neðan greinir skuldir félagsins í flokka eftir gjalddögum þeirra. Upphæðir í töflunni eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur.

Þann 31. desember 2016	Bókfært verð	Samnings bundið flæði	Innan 1 árs	1-2 ár	2-5 ár	> 5 ár
Skuldabréfalán .....	784.379	802.566	393.635	408.931	0	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	59.055	59.055	59.055	0	0	0
Þann 31. desember 2015	Bókfært verð	Samnings bundið flæði	Innan 1 árs	1-2 ár	2-5 ár	> 5 ár
Skuldabréfalán .....	1.496.013	1.645.866	572.619	548.622	524.625	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	58.858	58.858	58.858	0	0	0

## Skýringar

### 3.2 Áhættustýring eiginfjár

Félagið stýrir fjármögnun sinni með það að markmiði að viðhalda getu þess til áframhaldandi reksturs, til að greiða eigendum sínum arð og öðrum hluteigandi viðeigandi ávinning og til að viðhalda skipulagi fjármögnunar sem lágmarkar kostnað við fjármögnun.

Félagið getur breytt upphæð arðs sem greiddur er hluthöfum, endurgreitt hlutafé, gefið út nýtt hlutafé eða selt eignir til að minnka skuldir til að viðhalda eða lagfæra skipulag fjármögnunar. Þann 31. desember 2016 var óráðstafað eigið fé að fjárhæð 2.442 mkr. (31.12.2015: 1.923 mkr.) sem nægir fyrir arðgreiðslum.

### 3.3 Mat á gangvirði

Bókfært verð viðskiptakrafna og viðskiptaskulda að frádregnum niðurfærslum þeirra er matsverð slíkra eigna og skulda.

## 4. Mikilvægt reikningshaldslegt mat

Sífelld er verið að meta liði og byggir matið á skoðunum, reynslu fortíðar og öðrum þáttum, þ.m.t. væntingum um atburði í framtíðinni sem álitnið er að séu skynsamlegar miðað við aðstæður. Félagið vinnur mat og gengur út frá forsendum varðandi framtíðina. Það reikningshaldslega mat sem af þeim leiðir mun samkvæmt skilgreiningu sjaldan vera jafngilt tengdum raunárangri.

## Skýringar

### 5. Rekstrarkostnaður

	1/1 16 - 31/12 16	1/1 15 - 31/12 15
Laun .....	131.172	123.836
Tryggingagjald .....	10.211	9.909
Lífeyrisiðgjöld .....	11.119	10.348
Félagsgjöld .....	1.865	1.737
	<u>154.367</u>	<u>145.829</u>
Fjöldi starfsmanna .....	17	17

Póknun endurskoðenda fyrir endurskoðun ársreiknings var 6,4 mkr. (2015: 6,4 mkr.) og önnur þjónusta var 2 mkr. (2015: 1,4 mkr.)

### 6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	1/1 16 - 31/12 16	1/1 15 - 31/12 15
Vaxtatekjur:		
Vaxtatekjur .....	25.427	19.182
Vaxtagjöld og verðbætur:		
Vaxtagjöld langtímalána .....	(71.177)	(97.817)
Verðbætur langtímalána .....	(21.447)	(31.353)
Aðrir liðir .....	(27)	(22)
	<u>(92.652)</u>	<u>(129.192)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) - nettó .....	<u>(67.225)</u>	<u>(110.010)</u>

### 7. Tekjuskattur

	1/1 16 - 31/12 16	1/1 15 - 31/12 15
Gjaldfærður tekjuskattur (skýring 13) .....	158.645	115.258
Hagnaður fyrir skatta .....	<u>793.153</u>	<u>576.292</u>
Reiknaður tekjuskattur 20% .....	158.631	115.258
Virkur tekjuskattur .....	20%	20%

## Skýringar

### 8. Fastafjármunir

	Stofnkostnaður vegganga	Bifreiðar, veglyklar, áhöld og tæki	Samtals
<b>Miðað við 1. janúar 2015</b>			
Kostnaðarverð .....	7.143.587	593.874	7.737.461
Uppsafnaðar afskriftir .....	(3.040.311)	(435.300)	(3.475.611)
Bókfært verð 1. janúar 2015 .....	4.103.276	158.575	4.261.850
<b>Staða 31. desember 2015</b>			
Bókfært verð 1. janúar 2015 .....	4.103.276	158.575	4.261.850
Viðbætur .....	72.707	14.889	87.596
Afskriftir .....	(82.952)	(40.833)	(123.785)
Bókfært verð 31. desember 2015 .....	4.093.031	132.630	4.225.661
<b>Miðað við 31. desember 2015</b>			
Kostnaðarverð .....	7.216.294	608.763	7.825.057
Uppsafnaðar afskriftir .....	(3.123.263)	(476.133)	(3.599.396)
Bókfært verð 31. desember 2015 .....	4.093.031	132.630	4.225.661
<b>Staða 31. desember 2016</b>			
Bókfært verð 1. janúar 2016 .....	4.093.031	132.630	4.225.661
Viðbætur .....	3.853	48.187	52.040
Afskriftir .....	(83.353)	(39.386)	(122.739)
Bókfært verð 31. desember 2016 .....	4.013.530	141.432	4.154.962
<b>Miðað við 31. desember 2016</b>			
Kostnaðarverð .....	7.220.146	656.951	7.877.097
Uppsafnaðar afskriftir .....	(3.206.616)	(515.518)	(3.722.135)
Bókfært verð 31. desember 2016 .....	4.013.530	141.432	4.154.962

## Skýringar

### 9. Viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

	31/12 2016	31/12 2015
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður:		
Viðskiptakröfur .....	55.164	50.531
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	(1.195)	(2.559)
Viðskiptakröfur, nettó .....	53.969	47.972
Viðskiptakröfur vegna tengdra aðila (skýring 19) .....	279	239
Viðskiptakröfur móðurfélag (skýring 19) .....	49.574	117.947
Aðrar viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	6.067	4.639
	<u>109.889</u>	<u>170.797</u>

Gangvirði viðskiptakrafna er talið vera bókfært virði þeirra að frádreginni niðurfærslu.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu þann 31. desember 2016 er gangvirði fjárhæða hér að ofan. Félagið hefur ekki tryggingar fyrir viðskiptakröfurnar.

Ógjaldfallnar viðskiptakröfur þann 31. desember 2016 voru að fjárhæð 37,9 mkr. (2015: 29,2 mkr.).

Viðskiptakröfur sem féllu á gjalddaga fyrir tveim mánuðum eða innan þess tíma eru ekki niðurfærðar. Viðskiptakröfur sem falla undir þessa skilgreiningu þann 31. desember 2016 eru að fjárhæð 14,6 mkr. (2015: 16 mkr.). Þessar viðskiptakröfur samanstanda af mörgum óháðum viðskiptaaðilum með enga tapsögu hjá Speli. Aldursgreining þessara krafna er eftirfarandi:

Gjaldfallið innan 1. mánaðar .....	13.012	14.046
Gjaldfallið fyrir 1 til 2 mánuðum .....	1.549	1.956
	<u>14.561</u>	<u>16.001</u>

Gjaldfallnar viðskiptakröfur eldri en tveggja mánaða þann 31. desember 2016 eru að fjárhæð 1,8 mkr. a.t.t.t niðurfærslu (2015: 3,0 mkr.). Niðurfærsla vegna þessara krafna er að fjárhæð 1,2 mkr. þann 31. desember 2016 (2015: 2,6 mkr.). Einstakar niðurfærslur má sérstaklega rekja til viðskiptavina í erfiðleikum vegna efnahagsaðstæðna. Það hefur verið metið sem svo að hluti af niðurfærslunni gæti komið til baka. Aldursgreining er eftirfarandi:

Gjaldfallið eldra en 2 mánaða .....	1.756	3.017
Breyting niðurfærslureiknings greinist þannig:		
Þann 1. janúar 2015 .....		3.547
Framlag í afskriftareikning .....		2.498
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu .....		(3.486)
Þann 31. desember 2015 .....		<u>2.559</u>
Þann 1. janúar 2016 .....		2.559
Framlag í afskriftareikning .....		1.251
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu .....		(2.615)
Þann 31. desember 2016 .....		<u>1.195</u>

Viðskiptakröfur sem eru sannanlega tapaðar eru færðar út af viðskiptakröfum á móti niðurfærslunni.

## Skýringar

### 10. Hlutfé og lögbundinn varasjóður

	Fjöldi hluta (þúsundum)	Hlutir	Eigin hlutir	Samtals
Þann 1. janúar 2015 .....	86.000	86.000	0	86.000
Þann 31. desember 2015 .....	86.000	86.000	0	86.000
Þann 1. janúar 2016 .....	86.000	86.000	0	86.000
Þann 31. desember 2016 .....	86.000	86.000	0	86.000

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er að fjárhæð 86 mkr. (2015: 86 mkr.) Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu. Allt hlutfé hefur verið greitt.

#### Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt 75. gr. laga um einkahlutafélög er minnst tíu hundraðshluta þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, á að leggja í varasjóð uns hann nemur tíu hundraðshlutum hlutfjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm hundraðshlutar þar til sjóðurinn nemur 1/4 hlutfjárins. Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum.

### 11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

	31/12 2016	31/12 2015
Viðskiptaskuldir .....	24.503	18.004
Áfallinn kostnaður .....	15.848	15.750
Áfallnir vextir .....	7.381	17.998
Aðrar skammtímaskuldir .....	11.324	7.107
	<u>59.055</u>	<u>58.858</u>

Gangvirði viðskiptaskulda og annarra skammtímaskulda er talið vera bókfært virði þeirra.

## Skýringar

### 12. Skuldabréfalán

	31/12 2016	31/12 2015
Langtímaskuldir:		
Skuldabréfalán .....	390.744	995.385
Skammtímaskuldir:		
Skuldabréfalán .....	393.635	500.628
Samtals .....	<u>784.379</u>	<u>1.496.013</u>

Skuldir félagsins við lánastofnanir eru tryggðar með veðum í bankainnstæðum, viðskiptakröfum og hlutafé.

Bókfært virði viðskiptakrafna að fjárhæð 54,2 mkr. (2015: 48,2 mkr.) og handbærs fjár að fjárhæð 338,4 mkr. (2015: 280,2 mkr.) er tryggt á móti skuldabréfalánunum.

	Samtals 31/12 2016	Samtals 31/12 2015
Skuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:		
ISK, verðtryggt 3,75% fastir vextir .....	784.379	1.147.789
ISK, óverðtryggt 8,18% breytilegir vextir að viðb. álagi .....	0	348.224
	<u>784.379</u>	<u>1.496.013</u>
Næsta árs afborganir .....	<u>(393.635)</u>	<u>(500.628)</u>
	<u>390.744</u>	<u>995.385</u>

Afborganir af skuldabréfalánunum félagsins í lok desember 2016 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2017 .....	393.635
Árið 2018 .....	<u>390.744</u>
	<u>784.379</u>

Bókfært verð langtímahluta skuldanna er 390,7 mkr. Gangvirði langtímaskulda er 745,3 mkr. Gangvirði skammtímahluta skuldanna er jafnt bókfærðu virði þeirra, þar sem áhrif núvirðingar eru óveruleg. Gangvirði skulda er reiknað með núvirtu sjóðsflæði byggt á 3,75% vöxtum.

Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta. Staða eftirstöðva dreifingu lántökukostnaðar er að fjárhæð kr. 2,9 mkr. í lok árs 2016 (2015:5,9 mkr.)

## Skýringar

### 13. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingarinnar á árinu greinast þannig:

Tekjuskattsskuldbinding 1. janúar 2015 .....	544.613	
Reiknaður tekjuskattur (skýr 7) .....	115.258	
Tekjuskattur til greiðslu 2016 vegna 2015 .....	(52.715)	
Tekjuskattsskuldbinding 31. desember 2015 .....	<u>607.156</u>	
Tekjuskattsskuldbinding 1. janúar 2016 .....	607.156	
Reiknaður tekjuskattur (skýr 7) .....	158.631	
Tekjuskattur til greiðslu 2017 vegna 2016 .....	(168.586)	
Tekjuskattsskuldbinding 31. desember 2016 .....	<u>597.201</u>	
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á eftirfarandi liði:	<b>31/12 2016</b>	<b>31/12 2015</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	597.201	607.156
Yfirfæranlegt tap .....	0	0
	<u>597.201</u>	<u>607.156</u>

Tekjuskattur félagsins er áætlaður kr. 168.586 mkr. en þá hafa verið nýttar heimildir skattalaga til sérstakra afskrifta o.fl.

### 14. Skuldbinding veglykla

Skuldbinding veglykla:

Staða 1. janúar 2015 .....	105.554	
Seldir veglyklar .....	10.032	
Endurgreiddir og eyddir veglyklar .....	(7.169)	
Staða 31. desember 2015 .....	<u>108.417</u>	
Staða 1. janúar 2016 .....	108.417	
Seldir veglyklar .....	13.059	
Endurgreiddir og eyddir veglyklar .....	(4.396)	
Staða 31. desember 2016 .....	<u>117.079</u>	
Greining á heildar skuldbindingum:	<b>31/12 2016</b>	<b>31/12 2015</b>
Langtímahluti .....	<u>117.079</u>	<u>108.417</u>

Skuldbinding veglykla samanstendur af skilgjaldi þeirra sem áætlað er að endurgreiða við umsamin lok innheimtu veggjalda. Upphæð skuldbindingarinnar er sú hámarksfjárhæð sem verður greidd ef allir skila inn veglyklinum.

## Skýringar

### 15. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila þeim hagnaði (tapi) sem skipta má á hluthafa með vegnu meðaltali almennra hluta sem eru útgefnir yfir árið, að undanskildum almennum hlutum sem félagið hefur keypt og heldur sem eigin hlutum.

	1/1 16 - 31/12 16	1/1 15 - 31/12 15
Hagnaður ársins .....	634.507	461.033
Veginn meðalfjöldi útstandandi hluta .....	86.000	86.000
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut .....	7,38	5,36

### 16. Tryggingar

Eignir félagsins eru tryggðar fyrir 3.301 mkr. og rekstrarstöðvunartrygging nemur 1.070 mkr. Ábyrgðartrygging nemur 500 mkr.

### 17. Arður

Arður til greiðslu á árinu 2017 verður samtals 44 mkr. (0,51 á hlut). Arður greiddur á árinu 2016 nam 115 mkr. (1,34 á hlut).

### 18. Handbært fé frá rekstri

	1/1 16 - 31/12 16	1/1 15 - 31/12 15
Hagnaður .....	634.507	461.033
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Tekjuskattur .....	158.645	115.258
Afskriftir .....	122.739	123.785
Fjármagnsgjöld og fjármunatekjur nettó .....	67.225	110.010
Breyting rekstartengdra eigna og skulda:		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	105.062	44.035
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	14.746	(2.059)
Skuldbinding veglykla .....	8.663	2.863
Handbært fé frá rekstri .....	1.111.587	854.925
Handbært fé í árslok sundurliðast þannig:		
Bankainnstæður .....	338.127	279.935
Sjóður .....	257	263
	338.384	280.198

## Skýringar

### 19. Tengdir aðilar

Félagið er í eigu Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. Eigendur Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. með eignarhlut yfir 10% af hlutafé í félaginu eru, Faxaflóahafnir, Ríkissjóður Íslands, Elkem Ísland ehf, Vegagerðin og Hvalfjarðarsveit.

Eftirfarandi viðskipti við tengda aðila áttu sér stað á tímabilinu:

<i>(a) Veggjald</i>	<b>1/1 16 - 31/12 16</b>	<b>1/1 15 - 31/12 15</b>
Veggjald:		
– Stjórn og framkvæmdastjóri .....	792	939
– Hluthafar móðurfélags .....	3.642	4.183
	<u>4.434</u>	<u>5.122</u>

Söluverð veggjalda byggist á gildandi verðskrá og skilmálum sem í boði er fyrir óháðan þriðja aðila.

#### *(b) Kaup á vörum og þjónustu*

Kaup á þjónustu:		
– Hluthafar móðurfélags .....	2.413	2.291

#### *(c) Þóknanir til stjórnenda*

Laun .....	21.656	20.589
Framlag í lífeyrissjóð .....	1.220	1.027
	<u>22.876</u>	<u>21.616</u>

#### *(d) Viðskiptastöður í lok árs vegna sölu veggjalds*

Viðskiptakröfur á tengda aðila:		
– Hluthafar móðurfélags .....	279	239

Viðskiptakröfur við tengda aðila eru að mestu tilkomnar vegna söluviðskipta og eru á gjalddaga 10 dögum eftir viðskiptadag.

#### *(e) Lán til móðurfélags*

Lán til móðurfélags:		
Staða 1. janúar 2015 .....		131.026
Viðbót á tímabilinu .....		29.614
Afborganir á tímabilinu .....		(45.000)
Áfallnir vextir og verðbætur .....		2.307
Staða 31. desember 2015 .....		<u>117.947</u>
Staða 1. janúar 2016 .....		117.947
Viðbót á tímabilinu .....		44.155
Afborganir á tímabilinu .....		(115.000)
Áfallnir vextir og verðbætur .....		2.472
Staða 31. desember 2016 .....		<u>49.574</u>

## Ársfjórðungsyfirlit - óendurskoðað

Ársfjórðungsyfirlit	4. ársfjórð.	3. ársfjórð.	2. ársfjórð.	1. ársfjórð.
Rekstur félagsins greinist þannig á ársfjórðunga:	1/10 16 - 31/12 16	1/7 16 - 30/9 16	1/4 16 - 30/6 16	1/1 16 - 31/3 16
Veggjald .....	288.670	491.216	376.445	248.822
Viðhald og rekstur ganga .....	(68.783)	(56.657)	(73.170)	(60.319)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	(39.836)	(38.589)	(34.085)	(49.345)
Tapaðar kröfur .....	18	(397)	(875)	4
Afskriftir .....	(31.875)	(30.674)	(30.296)	(29.895)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT).....</b>	<b>148.194</b>	<b>364.898</b>	<b>238.018</b>	<b>109.267</b>
Fjárm.tekjur- og (fjárm.gjöld) - nettó .....	<u>(5.832)</u>	<u>(16.376)</u>	<u>(23.803)</u>	<u>(21.213)</u>
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta.....</b>	<b>142.362</b>	<b>348.522</b>	<b>214.215</b>	<b>88.054</b>
Tekjuskattur .....	(28.487)	(69.704)	(42.843)	(17.611)
<b>Hagnaður (tap) ársfjórðungs.....</b>	<b><u>113.875</u></b>	<b><u>278.818</u></b>	<b><u>171.372</u></b>	<b><u>70.443</u></b>
Rekstrarhagn. f. afskriftir (EBITDA) .....	180.069	395.572	268.314	139.162

## Stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðað

### Stjórn og stjórnarhættir

Stjórn Spalar ehf samanstendur af fimm stjórnarmönnum sem kjörnir eru árlega á aðalfundi. Gísli Gíslason hefur setið í stjórn félagsins frá stofnun 1995 og formaður frá 1996. Gunnar Gunnarsson hefur setið í stjórn frá 1996, Hafsteinn S. Hafsteinsson frá 2004, Gestur Pétursson frá 2014 og Stefán G. Ármannsson frá 2014.

Tilnefningar til stjórnarsetu koma frá hluthöfum félagsins. Engin tímamörk eru varðandi tilnefningu til stjórnarsetu á aðalfundi. Samþykktum félagsins má einungis breyta á löglegum hluthafafundi og er þá áskilið að fyrirhugaðar breytingar ásamt meginatriðum breytinganna hafi verið tilgreindar í fundarboði. Samþykktum er hægt að breyta með samþykki minnst 2/3 hluta atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum. Núgildandi samþykktir félagsins voru samþykktar 17. desember 2010.

Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, um fundargerðir stjórnar, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar en undirritun meirihluta stjórnar skuldbindur félagið. Núgildandi starfsreglur voru samþykktar á stjórnarfundi 27. janúar 2006.

Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og hittir endurskoðendur a.m.k. einu sinni á ári. Stjórnin hefur skipað endurskoðunarnefnd. Í henni eiga nú sæti stjórnarformaður félagsins og tveir meðstjórnendur. Megin hlutverk og ábyrgð nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila, fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins og innri endurskoðun.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við stjórnarmenn eða starfsmenn um greiðslur eða bætur ef þeir segja upp eða þeim er sagt upp án gildrar ástæðu.

Til að tryggja að reikningsskil samstæðunnar séu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið og eðlilega aðgreiningu starfa. Ársfjórðungsleg uppgjör eru lögð fyrir stjórn félagsins. Til staðar eru verklagsreglur til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu hjá félaginu.

Á árinu 2016 voru haldnir 4 stjórnarfundir og einn fundur í endurskoðunarnefnd. Meirihluti stjórnar og nefnda mætti á alla fundi. Endurskoðendur félagsins mæta á stjórnarfundi þegar ársreikningar eru afgreiddir.